

**Sp. 482. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]**

um athugun á rekstrargrundvelli skógerðar og skóidnaðar í landinu.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Stefán Jónsson, Lárus Jónsson,  
Árni Gunnarsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram könnun á með hvaða hætti hægt er að efla og styrkja rekstrargrundvöll skóidnaðar og stuðla að áframhaldandi rekstri skógerðar í landinu. Sé þörf sérstakrar lagasetningar í þessu sambandi skal ríkisstjórnin láta undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi hið fyrsta.

**Greinargerð.**

Skógerð er með eldri iðngreinum. Hér á landi hafa um áraraðir starfað skógerðir og skóverksmiðjur sem veitt hafa fjölda fólks atvinnu, en nú er svo komið á þessari öld iðnaðar að aðeins ein skóverksmiðja, Skóverksmiðjan Iðunn á Akureyri, er starfrækt í landinu.

Skóverksmiðjan Iðunn hóf starfsemi sína á árinu 1936. Þegar starfsemin stóð með mestum blóma unnu hjá fyrirtækinu um 120 manns, en vegna mikilla erfiðleika í rekstri og samdráttar í framleiðslu og sölu er starfsfólk nú um 50 manns. Er nú svo komið, eftir að verksmiðja þessi hefur verið rekin með rekstrarhalla nokkur undanfarin ár, að með bréfi, dags. 10. okt. 1980, til félagsmálaráðuneytisins tilkynnir Iðnaðardeild Sambands íslenskra samvinnufélaga að stjórn sambandsins hafi ákveðið að hætta starfsemi Skóverksmiðjunnar Iðunnar og muni öllum starfsmönnum hennar verða sagt upp á næstunni.

Eins og áður er að vikið vinna nú í þessari iðngrein um 50 manns. Er mikið af því fullorðið fólk sem unnið hefur á sama vinnustað um árabil og á því án efa erfitt með að fá vinnu við sitt hæfi ef starfsemi þessari verður nú hætt sökum rekstrarörðugleika. Teljum við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu því að hér sé um að ræða verulegt vandamál, bæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti, sem stjórnvöld verði að taka til athugunar, og leita beri allra hugsanlegra leiða til að koma í veg fyrir að iðngrein þessi verði lögð niður.

Ástæður fyrir samdrætti í íslenskri skógerð eru vafalaust margvíslegar, en nefna má t. d. lækkaða innflutningstolla á skóm vegna aðildar Íslands að EFTA, verndaráðstafanir af hálfu EBE vegna skóíðnaðar í aðildarlöndum bandalagsins, samkeppni frá lágláunarlöndunum, tískustrauma í skófatnaði ekki síður en í öðrum fatnaði, sem hinn litli markaður á Íslandi á erfitt með að bregðast við með aukinni fjölbreytni, o. m. fl. Ýmsar nágrannaþjóðir okkar eiga í svipuðum erfiðleikum með sinn skóíðnað og hér er við að glíma, en þær hafa reynt að snúast til varnar og aðstoða viðkomandi aðila til að halda rekstri áfram, bæði af félagslegum ástæðum svo og með öryggis-sjónarmið í huga, ef aðstæður breyttust þannig í heiminum að erfitt yrði að fá skófatnað, að þá séu til starfandi skóverksmiðjur í viðkomandi löndum. Ekki er óeðlilegt að við Íslendingar hugsum eitthvað svipað þessu og reynum í lengstu lög að halda gangandi okkar einu skóverksmiðju, jafnvel þó það kostaði einhver fjárútlát af hálfu hins opinbera. Má m. a. benda á að veita þessari iðngrein í því skyni fjárfestingarstyrk eða lán til að auka hagræðingu og hagkvæmni í rekstri, aukna og hagkvæmari lánaþyrngreiðslu í formi rekstrar- eða afurðalána, lækkun á orkuverði, svo og að notuð verði heimild í lögum til að leggja á innfluttar samkeppnisvörur aðlögunar- eða jöfnunargjald eða ígildi þess. Þá má og kanna hvort hægt er að ganga lengra en þegar hefur verið gert í að lækka eða fella niður innflutningsgjöld og tolla af hráefni, tækjum og vélum svo og opinber gjöld af starfsemi þessari.

Um þessar mundir er mikið leitað eftir nýiðnaðartækifærum og fjármagni varið af hálfu ríkisins til rannsókna og athugana á ýmsum möguleikum þar að lútandi svo og staðarvali slíkra væntanlegra fyrirtækja. Hér er t. d. um að ræða athuganir á saltvinnslu, sykurhreinunarverksmiðju, steinullarverksmiðju og stálbræðslu, þ. e. vinnslu úr brotajárni, og skal til þessara athugana verja hluta af tekjum af aðlögunargjaldi. Þá er einnig á fjárlögum varið 2 millj. nýkr. til athugana á orkufrekum iðnaði. Allt er þetta sjálfsagt og fyllilega tímabært og til þess gert að efla atvinnulíf okkar, auka fjölbreytni þess og nýta dýrmætar orkulindir. En sum þessi nýiðnaðartækifæri, sem miklu fjármagni er varið til að rannsaka og undirbúa, veita álíka mikla atvinnu og sá skóíðnaður sem nú er starfræktur í landinu. Því vaknar sú spurning, hvort ekki sé eðlilegt og mikilvægt að gæta vel að þeim iðnaði, sem fyrir er, og leita allra leiða til að koma í veg fyrir að gamlar og grónar iðngreinar leggist niður, jafnhliða því sem hugað er að nýjum atvinnumöguleikum.

**Fylgiskjal I.**

**Y F I R L I T**

yfir aldur starfsfólks skógerðar 6. júlí 1978.

20—30 ára .....	3
30—40 — .....	4
40—50 — .....	6
50—55 — .....	4
55—60 — .....	10
60—65 — .....	9
65—70 — .....	10
70—75 — .....	3
	<hr/>
	49
Yfir 55 ára .....	65%
— 60 — .....	44%
— 65 — .....	26%
— 70 — .....	6%

**Fylgiskjal II.**

**Aðalfundur Skókaupmannafélags Íslands**

haldinn 26. febrúar 1981 að Marargötu 2, Reykjavík, ályktaði eftirfarandi samhljóða:

„Fundurinn samþykkir að mælast til þess við félagsmenn Skókaupmannafélagsins, að þeir geri sitt til þess að stuðla að áframhaldandi rekstri Skóverksmiðjunnar Íðunnar á Akureyri, með skóinnkaupum frá henni.“

Skókaupmannafélag Íslands,  
Ebba Hvannberg, formaður.